# ÁLAGSFORSENDUR

GRUNNGILDI
ÁLAG ER ÁKVARÐAÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÍST EN 1991-1-1:2002.

| | |
|---|---|
| NOTÁLAG Á MILLIGÓLF: | 3,0 kN/m² |
| SNJÓÁLAG Á JÖRÐ: | 3,0 kN/m² |
| VINDÁLAG: | 1,5 kN/m² |
| JARÐSKJÁLFTAÁLAG, GRUNNHRÖÐUN: | 0,1 g |

# GRUNDUN

ALMENNT

SÖKKLAR HVÍLI Á BURÐARHÆFRI, FROSTFRÍRRI UNDIRSTÖÐU, ÚR ÞJAPPAÐRI MALARFYLLINGU. FYLLING AÐ SÖKKLUM OG Í ÞÁ SKAL VERA BURÐARHÆF OG FROSTFRÍ. ALLAN LÍFRÆNAN JARÐVEG SKAL FJARLÆGJA ÚR HÚSSTÆÐI.

MESTA LEYFILEGA ÁLAG Á ÞJAPPAÐ MALARFYLLINGU ER 0,6 MN/m², SKV. ÍST 15.

MINNSTA HÆÐ SÖKKULS VIÐ ÚTVEGG SKAL VERA 0,6 m UNDIR ENDANLEGU JARÐVEGSYFIRBORÐI, NEMA UM SÉ A RÆÐA HREINA KLÖPP. HÆÐ UNDIRSTÖÐU UNDIR BOTNPLÖTU SÉ MINNST 0,3 m.

ÞJÖPPUN

MALARFYLLINGU SKAL ÞJAPPA Í SAMRÆMI VIÐ EFTIRFARANDI TÖFLU, NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM Á TEIKNINGUM EÐA VERKLÝSINGU. RAKASTIG FYLLINGAR SKAL VERA ÞANNIG AÐ SEM MEST ÞJÖPPUN FÁIST.

| TÆKI | LAGÞYKKT [m] | FJÖLDI YFIRFERÐA |
|---|---|---|
| 10 TONNA VIBROVALTI | 0,80 | 6 |
| 5 TONNA VIBROVALTI | 0,40 | 6 |
| 0.5 TONNA VIBROPLATA | 0,30 | 4 |
| 0.1 TONNA VIBROPLATA | 0,20 | 4 |

# STEINSTEYPA

ALMENNT

UM STEYPUGERÐ OG STEYPUVINNU GILDIR ÍSLENSKUR STAÐALL ÍST 10 OG ÍST EN 206-1:2000 NEMA ANNARS SÉ GETIÐ.

BROTÞOL STEYPU KEMUR FRAM Á TEIKNINGUM, OG SKAL BROTÞOLSPRÓFUN VERA SKV. ÍST EN 206-1:2000.

SIGMÁL STEYPU SÉ 60 - 100 mm, FYRIR NOTKUN ÞJÁLNIEFNA. Í ALLA STEYPU SKAL NOTA LOFTBLENDI ÞANNIG AÐ LOFTINNIHALD EFTIR NIÐURLÖGN VERÐ 4 - 6%. FJARLÆGÐARSTUÐULL LOFTS SKAL VERA MINNI EN EÐA JAFN OG 0,25 mm.

STÆRSTA KORNASTÆRÐ FYLLINGAREFNIS SKAL VERA 19 mm Í UNDIRSTÖÐUM, VEGGJUM, SÚLUM OG BITUM, EN 32 mm Í PLÖTUM.

ALLA STEYPU SKAL TITRA Í MÓTUM.

# TRÉVIRKI

ALMENNT

TRÉVIRKI SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍST DS 413:1982 TIMBURVIRKI, INSTA 142 NORRÆNAR REGLUR UM STYRKLEIKA TIMBURS OG NTR SKJAL NR. 1:1998 NORRÆNIR GAGNVARNARFLOKKAR (NTR DOKUMENT NR. 1:1998 NORDISKE TRÆBESKYTTELSESKLASSER).

LÍMTRÉ SKAL VERA Í STYRKLEIKAFLOKKI L40, HEILVIÐUR Í BURÐARVIRKI SKAL VERA HÚSÞURR Í FLOKKI T1, NEMA ANNARS SÉ GETIÐ. ALLT EFNI SKAL VERA BEINT OG LAUST VIÐ STÓRA KVISTI, VANKANTA OG AÐRA GALLA.

Á MILLI TIMBURS OG STEINS SKAL ÁVALLT LEGGJA TJÖRUPAPPA. SPERRUENDA OG TIMBUR SEM STEYPIST INN SKAL FÚAVERJA MEÐ TVEIMUR UMFERÐUM AF VIÐURKENNDU FÚAVARNAREFNI, T.D. C-TOX.

ALLAR FESTINGAR SKULU VERA HEITGALVANHÚÐAÐAR, NEMA Í ÞRÝSTIFÚVÖRÐU TIMBRI, ÞAR SEM NOTA SKAL RYÐFRÍAR FESTINGAR. STÁLGÆÐI Í FESTINGUM SKULU VERA Fe 360 SKV. NEMA ANNAÐ KOMI FRAM.

UNDIR BOLTAHAUSA OG RÆR SEM LEGGJAST AÐ TIMBRI SKAL SETJA SKINNUR MEÐ KANTLENGD 3x d, ÞYKKT 0,3x d, ÞAR SEM d ER ÞVERMÁL BOLTANS.

# JÁRNALÖGN

ALMENNT
JÁRNBENDING STEYPU SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍST EN 10080:2005.

STEYPUSTYRKTARSTÁL MERKT K Á TEIKNINGUM ER SUÐUHÆFT KAMBSTÁL B500B, MEÐ FLOTMÖRK fyk = 500 N/mm².

TÁKN

| | |
|---|---|
| | JÁRN Í EFRI BRÚN PLÖTU |
| | JÁRN Í NEÐRI BRÚN PLÖTU |
| | ANNAÐ HVERT JÁRN BEYGT UPP |
| | NEÐSTU JÁRN Í PLÖTU SAMSÍÐA MERKI |
| | EFSTU JÁRN Í PLÖTU SAMSÍÐA MERKI |
| 000 | TALA Í HRING TÁKNAR PLÖTUÞYKKT |
| 5 K10 L=1200 | 5 stk. 10 mm KAMBJÁRN, LENGD 1200 mm |
| K10 c200# | 10 mm KAMBJÁRN, MEÐ 200 mm MILLIBILI Í BÁÐAR ÁTTIR |
| K10 c200 | 10 mm KAMBJÁRN, MEÐ 200 mm MILLIBILI Á ÞVÍ SVÆÐI SEM DREIFILÍNAN SÝNIR |

SKEYTING JÁRNA

SKEYTING JÁRNA, NEMA ANNAÐ KOMI FRAM, SKAL VERA MINNST 40xd, ÞAR SEM d ER ÞVERMÁL JÁRNSINS. ALDREI SKAL SKEYTA MEIRA EN ÞRIÐJA HVERT JÁRN Í SNIÐI, NEMA ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGU.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞVERMÁL JÁRNS d [mm]: | 8 | 10 | 12 | 16 | 20 | 25 | 32 |
| SKEYTILENGD, L [mm]: | 350 | 400 | 500 | 650 | 800 | 1000 | 1300 |

RAFSOÐIN BENDINET SKULU VÍXLLÖGÐ UM 50xD, ÞÓ EKKI MINNA EN 300 mm.

BEYGING AÐALJÁRNA




ÞVERMÁL BEYGJUHRINGS AÐALJÁRNA SKAL VERA A.M.K. 20d, ÞAR SEM d ER ÞVERMÁL JÁRNS SEM BEYGT ER.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞVERMÁL JÁRNS d [mm]: | 8 | 10 | 12 | 16 | 20 | 25 | 32 |
| ÞVERMÁL BEYGJUHRINGS, D [mm]: | 160 | 200 | 240 | 320 | 400 | 500 | 640 |

BEYGING LYKKJA




ÞVERMÁL BEYGJUHRINGS LYKKJA SKAL VERA A.M.K. 4d, ÞAR SEM d ER ÞVERMÁL JÁRNS SEM BEYGT ER.

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÞVERMÁL JÁRNS d [mm]: | 8 | 10 | 12 |
| ÞVERMÁL BEYGJUHRINGS, D [mm]: | 32 | 40 | 48 |

STEYPUHULA

| BYGGINGARHLUTAR | VEGGIR | PLÖTUR | BITAR | STOÐIR |
|---|---|---|---|---|
| UNDIRSTÖÐUR | 30 | 30 | - | - |
| INNANHÚSS: | 25 | 25 | 25 | 25 |
| UTANHÚSS: | 30 | 30 | 30 | 30 |
| Í VATNI: | 30 | 30 | 40 | 50 |

UNDIRSTÖÐUR ÞAR SEM JARÐFYLLING KEMUR AÐ: 40 mm
EF STEYPT ER BEINT AÐ JÖRÐ: 50 mm

EF AÐRAR KRÖFUR UM STEYPUHULU ERU SETTAR FRAM Í LÝSINGU EÐA Á TEIKNINGU SKULU ÞÆR GILDA.

JÁRNUM SKAL HALDIÐ Í RÉTTRI FJARLÆGÐ FRÁ MÓTUM MEÐ TIL ÞESS GERÐUM STÓLUM. Í PLÖTUM OG UNDIRSTÖÐUM OFAN Á FYLLINGU EÐA EINANGRUN ER HEIMILT AÐ NOTA STÓLA ÚR STEYPU EÐA PLASTI. Í AÐRAR PLÖTUR SKAL NOTA PLASTSTÓLA. ÞAR SEM TVÖFÖLD JÁRNAGRIND ER Í VEGGJUM EÐA PLÖTUM SKAL RÉTT MILLIBIL TRYGGT MEÐ STÁLSTÓLUM MILLI GRINDANNA.

Á JÁRNAGRINDUR Í UNDIRSTÖÐUM, VEGGJUM, SÚLUM OG BITUM SKAL SETJA FJARLÆGÐARKLOSSA (STJÖRNUR) ÚR PLASTI, Í SAMRÆMI VIÐ FYRIRSKRIFAÐA STEYPUHULU. FJARLÆGÐ MILLI KLOSSANNA SÉ EKKI MEIRI EN 1 m.

BENDING KRINGUM OP

SÉ JÁRNALÖGN UMHVERFIS MINNI OP Í VEGGJUM OG PLÖTUM EKKI SÉRSTAKLEGA SKILGREIND Á TEIKNINGUM SKAL MIÐA VIÐ AÐ SETJA SAMA JÁRNAMAGN UMHVERFIS OPIÐ OG KLIPPA ÞARF ÚR JÁRNALÖGN VEGNA GATSINS, AUK SKEYTILENGDAR.

KRINGUM HURÐIR OG GLUGGA SKAL SETJA 2 K12 SEM NÁI 600 mm ÚTFYRIR OPIÐ NEMA ANNAÐ KOMI FRAM.

TENGING JÁRNAGRINDA

HORN, TVÖFÖLD GRIND




HORN, EINFÖLD GRIND




VEGGENDAR, EINFÖLD GRIND




EFRI BRÚN VEGGJA




VEGGENDAR, TVÖFÖLD GRIND




TÉ, TVÖFÖLD GRIND




TÉ, EINFÖLD GRIND




Í STAÐ ÞESS AÐ BEYGJA AÐALJÁRN Á HORNUM ER HEIMILT AÐ NOTA VINKLA MEÐ SAMA ÞVERMÁLI OG SAMA MILLIBILI OG AÐALJÁRN, MEÐ LEGGLENGD JAFNRI SKEYTILENGD JÁRNSINS.

MAGNTAKA JÁRNALAGNAR

MAGNTÖLUR MIÐAST VIÐ TÖFLUÞUNGA SAMKVÆMT EFTIRFARANDI TÖFLU:

| | |
|---|---|
| K 10 | 0.66 kg/m |
| K 12 | 0.95 kg/m |
| K 16 | 1.66 kg/m |

ENGU ER AUKIÐ VIÐ VEGNA SKEYTINGA EÐA RÝRNUNAR.

Húnaþing vestra
Skipulags- og umhverfisráð
Samþykkt þann
06 JUNI 2013
í sveitarstjórn 13/6 2013
Byggingarfulltrúinn í Húnaþingi vestra

# STÁLVIRKI

ALMENNT

UM STÁLVIRKI GILDI, NEMA ANNAÐ KOMI FRAM:

EFNI SKAL VERA Fe 360C SKV. EN 10025. BOLTAR SKULU VERA SKV. DIN 931, STYRKFLOKKUR 8.8. RÆR SKV. DIN 934 - 8, SKINNUR UNDIR RÆR SKV. DIN 126C.

BOLTAR, SKINNUR OG RÆR SKULU VERA HEITGALVANHÚÐAÐAR. YFIRBORÐMEÐHÖNDLUN STÁLVIRKIS ER SKILGREIND Á TEIKNINGUM EÐA Í VERKLÝSINGU.

RAFSUÐUR SKULU VERA SKV. ÍST EN 25817. ÞÆR SKULU UNNAR AF VÖNUM FAGMÖNNUM MEÐ FULLGILD RÉTTINDI TIL SLÍKRAR VINNU. MINNSTA LEYFILEGA STÆRÐ KVERKSUÐU ER 4 mm.


STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA
AÐALGATA 21 sími. 453-5050
550 SAUÐÁRKRÓKI fax. 453-6021
Netfang: stod@stodehf.is
Áritun hönnuðar / ábyrgðarmanns
Kt. 120379-4029


| | |
|---|---|
| Verk: | LITLI ÓS Í MIÐFIRÐI - VÉLAGEYMSLA 2013 |
| Verkþáttur: | Burðarvirki, skýringar. |
| Unnið fyrir: | Gunnar Þorvaldsson |
| Verknr. | 7656 |
| Hannað: | Atli Gunnar |
| Teiknað: | ÞEÞ |
| Mælikvarði: | - |
| Teikniskrá: | 7656BM Litli Ós - Skemma 2013.dwg |
| Blaðstærð: | A1 |
| Uppdráttur nr. | B-100 |
| Útgáfudagur: | 2. ágú. 2013 |
| Breyting: | Nr. Dags. |
| Prentað: | 7. Mar 2014 |

Húnaþing vestra
Skipulags- og umhverfisráð
Samþykkt þann
0 6 JUNI 2013
í sveitarstjórn 13/6 2013
Byggingarfulltrúinn í Húnaþingi vestra
Ulfar Tr. Þ. 21/1 2015

GRUNNMYND mkv. 1:50




U1 mkv. 1:20




U2 MKV 1:20




SNIÐ A mkv. 1:20




SNIÐ B mkv. 1:20




SNIÐ C mkv. 1:20




SNIÐ D mkv. 1:20




STEINSTEYPA C25 / 30
LOFTINNIHALD 5-7%
SIGMÁL 60-100mm

MESTA ÁLAG Á GRUNN 0,10 MN/m²

UNDIRSTAÐA ER ÓHREYFÐUR, BERANDI GRUNNBOTN.
FYLLA MÁ UNDIR SÖKKLA MEÐ MALARFYLLINGU, ÞJAPPAÐRI Í 0,6 m ÞYKKUM LÖGUM.

STAÐSETNING OG FYRIRKOMULAG FESTINGA FYRIR LÍMTRÉ: SJÁ SÉRUPPDRÆTTI FRÁ LÍMTRÉ-VÍRNET EHF. AUK RAMMAFESTINGA ERU FESTINGAR FYRIR VEGGJASTOÐIR MILLI RAMMA.

SÖKKULSKAUT SKV. RAFLAGNAUPPDRÆTTI.

BREYTINGASKRÁ :

Nr.1: △1 3. mars 2014
GRYFJU BÆTT VIÐ, GÓLFPLATA ÞYKKT, GÓLFEINANGRUN FELLD ÚT, EINANGRUN BÆTT VIÐ UTAN Á SÖKKLA.

STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA
AÐALGATA 21 sími. 453-5050
550 SAUÐÁRKRÓKI fax. 453-6021
Netfang: stod@stodehf.is

Áritun hönnuðar / ábyrgðarmanns
Atli Gunnar Arnason
Kt. 120379-4029

| | |
|---|---|
| Verk: | LITLI ÓS Í MIÐFIRÐI - VÉLAGEYMSLA 2013 |
| Verkþáttur: | Sökklar, járnalögn og mál |
| Unnið fyrir: | Gunnar Þorvaldsson |
| Verknr. | 7656 |
| Hannað: | Atli Gunnar |
| Teiknað: | ÞEÞ |
| Mælikvarði: | 1:50 1:20 |
| Uppdráttur nr. | B-101 |
| Teikniskrá: | 7656BM Litli Ós - Skemma 2013.dwg |
| Blaðstærð : | A1 |
| Útgáfudagur: | 2. ágú. 2013 |
| Breyting: | Nr. 1 Dags. 03.03.14 Sjá breytingaskrá |
| Prentað: | 7. Mar 2014 |